

Kjördæmavíka

Sveitarfélagið Hornafjörður



Þið getið ímyndað ykkur að þið séuð stödd í heimabyggð okkar með því að horfa á þessa mynd. Þessu eru þið að missa af ☐

Málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

- Þjónustusamningur um rekstur heilbrigðisþjónustu við sveitarfélagið hefur sérstöðu, hann samþættir margar ólíkar þjónustur samlegðaráhrifin og nýting starfskrafta milli ólíkra starfssviða skapar hagræðingu. Það er vilji bæjarstjórnar að endurnýja samninginn sem rennur út árið 2019. Sí hefur nú sagt samningnum upp vegna innleiðingu á fjármögnunarlíkani fyrir heilsugæslur á landsbyggðinni. **Okkur vantar stuðning þingmanna til að koma sjónarmiðum okkar til ráðherra.** Sveitarfélagið hefur rekið heilbrigðisþjónustuna frá árinu 1996, ávallt hefur reksturinn gengið upp og sveitarfélagið staðið sig.
- Bygging nýs hjúkrunarrýmis. Unnið er að samningagerð við arkitekta um hönnun heimilisins. Það hefur tekið óþarflega langan tíma. Tímapressan er þónokkur.
- Tryggja HSU nægt fjármagn til rekstrar vegna vaxandi íbúa- og ferðamannafjölda um allt kjördæmið.
- Samningar um rekstur hjúkrunarheimila við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu er í uppnámi.

Grynnsli fyrir utan Hornafjörð

- Það þekkja allir í þessum hóp mikilvægi grynnsllana við Hornafjörð. Sandfangari er nú á átælu Vegagerðar á næsta ári sem er einkar ánægjulegt. Fjármögnun verkefnisins er 60/40 hlutfall eins og um nýframkvæmd sé að ræða. Sandfangari við Einholtskletta er viðhald/endurbætur á varnargarðinum við Suðurfjörur enda nýtir Vegagerðin grjót úr þeim varnargarði. **Við krefjumst þess að fjármögnunin verði endurskoðuð og miðuð verði við 85% hlutfall úr ríkissjóði og 15% frá Hornafjarðarhöfn.**
- Er hægt að skoða sameiginlega leið við viðhaldsdýpkun hafna á Suðurlandi, Hornafjarðarhöfn, Landeyjarhöfn, Þorlákshöfn. Er ekki hægt að ná hagstæðari kjörum með því að tengja dýpkun þessara hafna.

Samgöngumál

- Vegur yfir Hornafjarðarfljót. Forgangsröðun framkvæmda veltur á veggjaldafrumvarpi.
- Vegstæði yfir Skeiðarársand. Sá vegur er ekki á samgönguáætlun, er ekki ástæða til að flýta
- Framkvæmdir eru hafnar vestan fljóta en bæjarstjórn lýsir óánægju sinni yfir samgönguáætlun hvað framvindu framkvæmda varðar. Lítið sem ekkert er sett í veginn næstu 2 ár. Bæjarstjórn gerir kröfu um að meira fjármagn verði sett í framkvæmdina strax á næsta ári.
- Fögnum því að þrjár nýjar brýr eru nú í útboðsferli hjá Vegagerð. Enn fækkar við tilkomu nýs vegar yfir Hornafjarðarfljót og einnig ef vegur verður færður niður á Skeiðarársand.
- Viðhald á vegum, það er orðið nauðsynlegt að fara í endurbætur og þá sérstaklega að breikka vegi.
- Ferðamannavegir eru almennt slæmir í sveitarfélaginu öllu. Fengist hefur fé úr styrkvegasjóði sem dugar engan veginn fyrir öllum þeim vegum sem liggja meðal annars að náttúruperlum innan Vatnajökulsþjóðgarðs.
- Göng undir Lónsheiði er þörf framkvæmd, Þvottáskriður er einn hættulegasti vegakafli á þjóðvegi 1 og liggur á að bæta úr. Með því að leggja göng styttist hringvegurinn um rúma 11 km og öryggi vegfarenda stórbatnar.
- Tjón vegna flóða í Suðursveit og Mýrum 2017. Enn hafa enn fengist bætur greiddar vegna skemmda á vegum, göngubrúum o.fl. vegna flóðanna 2017.
- Tryggja ber þriggja fasa rafmagn um allt land. Umfangsmikil uppbygging mun eiga sér stað í Lóni á næstu árum. Mikilvægt er tryggja raforkuflutning til að efla atvinnulíf á svæðinu.

Hornfjarðarflugvöllur

- Mikilvægt að tryggja stöðu Hornafjarðarflugvallar og vinna að því að hann geti orðið löglegur flugvöllur fyrir millilandafflug minni flugvéla. Það er mikið hagsmunamál fyrir svæðið og opnar á gífurlega möguleika í auknum atvinnutækifærum og þjónustu.
- Innanlandsflug er nauðsynlegar til að tryggja öryggi og efla atvinnu á svæðinu. Verðlag á fargjöldum eru langt frá því að vera eðlileg. Innleiða þarf skosku leiðina hið fyrsta með vandvirkum hætti þar sem huga þarf að ýmsum þáttum svo sem ferðamönnum, mögulegri hækkun fargjalda þeirra sem ekki njóta niðurgreiðslu, aðkomu stéttarfélaga o.s.frv.

Löggæslumál og Almannavarnir

- Löggæsla í Örafum hefur skilað miklum árangri fyrir héraðið bæði í auknu öryggi íbúa þar í sveit ásamt því að alvarlegum slysum hefur fækkað. Mikilvægt er að tryggja lögreglunni aðstöðu í Örafum til að auðvelda eftirlit. Tryggja þarf áframhaldandi fjármagn til láglendisgæslu. Löggæsla þarf jafnframt að vera sýnileg hér eftir sem hingað til. Elfing löggæslu og láglendisgæslu hefur skilað fækkun í útköllum sjúkraflutninga.
- Skoða þarf hvort ekki sé tækifæri til að gera sambærilegan samning varðandi sjúkraflutninga og ferður hefur verið á Þingvöllum fyrir Vatnajökulspjóðgarð og þá helst svæðið Skaftafell-Jökulsárlón. Skoða möguleika á heilsugæslustöð á hjólum.
- Almannaástand ríkir í Örafum vegna yfirvofandi berghlaups í Svínafellsheiði og eldvirkni í Örafajökli. Mikilvægt er að tryggja fjármagn til að halda uppi eftirliti með þróun mála. Einnig þarf að skoða málefni rekstraraðila sem gætu átt í hættu að missa eignir í slíkum hamförum eða verða fyrir rekstrarstöðvun t.d. vegna lokunar vega.

Nýheimar Þekkingarsetur, framhaldsfræðsla, fjarnám á Háskólastigi, Náttúrustofa Suðausturlands, Háskólasetur.

- Í Nýheimum er mikil gróska. Starfsstöðin laðar til sín unga háskólamennta einstaklinga. Innan Nýheima er Háskólasetur, Þekkingasetur, Náttúrustofa Suðausturlands og Fræðslunet Suðurlands. Mikilvægt er að tryggja stöðir Nýheima með föstum fjárframlögum.

Ferðaþjónustan og atvinnulíf

- Mikill fjöldi ferðamanna kemur til Hornafjarðar allt árið um kring. Enn er fjölgun ferðamanna á Jökulsárlón miðað við bílateljara og ferðaþjónustuaðilar láta vel af sér.
- **Gistináttagjald** þarf að renna að öllu leiti til sveitarfélaganna til uppbygginga innviða.
- Huga þarf að öryggi ferðamanna og annarra vegfarenda á vegum landsins með því að fjölga áningastöðum og bæta vegakerfið.
- Vatnajökulspjóðgarður er stærsta aðráttarafli ferðamanna sem koma til Hornafjarðar. Innviðauppbygging innan þjóðgarðs er allt of skammt á veg komin. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á stjórnfyrrkomulagi nýverið til bóta en fjárskortur er viðvarandi og starfsmenn anna ekki þeim fjölda ferðamanna sem fer um svæðið. Einnig þarf að standa vörð um þátt heimamanna í afþreyingarþjónustu á svæði þjóðgarðs.
- Sauðfjarrækt á undir högg að sækja um allt land. Sauðfé er ekki lengur slátrað á Hornafirði eftir að Norðlenska hætti öllum rekstri og er því keyrt með fé á Húsavík og Selfoss til slátrunar.

Umhverfismál

- Samræma þarf stefnumörkun í sormálum fyrir allt landið. Urðun sorps er ekki framtíðin og því nauðsynlegt að það sé heildarumræða á landsvísu um samstarf í málaflöknum.
- Virðisauki endurgreiddur til sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda.

*Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður*

